

III. KAFLI

Gildistaka.

9. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2005. Lögin taka einungis til uppfinninga sem koma fram eftir gildistöku laganna. Ófrávíkjanleg ákvæði laganna skulu gilda gagnvart samningum sem gerðir eru fyrir gildistöku laganna um uppfinningar sem koma fram eftir gildistöku þeirra, sbr. þó sérákvæði um ráðningu starfsmanna til að vinna að uppfinningum.

Gjört á Bessastöðum, 7. júní 2004.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Valgerður Sverrisdóttir.

LÖG

**um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940,
með síðari breytingum (rof á reynslulausn).**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðsins „aðili“ í 1. og 2. málsl. 2. mgr. 41. laganna kemur: maður.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 42. gr. laganna:

- a. Í stað orðsins „aðili“ í 1. og 5. mgr. kemur: maður.
- b. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Að kröfu ákæranda getur þó dómstóll úrskurðað að maður, sem hlotið hefur reynslulausn, skuli afplána eftirstöðvar refsingar ef hann á reynslutíma rýfur gróflega almennt skilyrði reynslulausnar enda liggi fyrir sterkur grunur um að hann hafi framið nýtt brot sem varðað getur 6 ára fangelsi eða að brotið varði við 1. mgr. 218. gr. Við meðferð slíkrar kröfu skal dómari skipa honum verjanda að ósk hans og fara með málið eftir 1. mgr. 105. gr. laga um meðferð opinberra mála, eftir því sem við á. Heimilt er að kæra úrskurð dómara skv. 1. málsl. til Hæstaréttar og skal við meðferð kærumálsins farið eftir reglum XVII. kafla laga um meðferð opinberra mála, eftir því sem við á. Kæra frestar ekki framkvæmd úrskurðar. Dómari skal víkja sæti eftir útgáfu ákæru ef hann hefur áður úrskurðað mann, sem ákærður er í málinu, skv. 1. málsl.

- c. Í stað orðsins „aðili“ tvívegis í 2. og 3. mgr. kemur: maður; og: hann.
- d. Í stað orðanna „sbr. 1. og 2. mgr.“ í 3. mgr. kemur: sbr. 1.–3. mgr.
- e. Í stað orðsins „aðila“ í 4. mgr. kemur: mann.
- f. Í stað orðanna „sbr. 2. mgr.“ í 4. mgr. kemur: sbr. 2. og 3. mgr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 7. júní 2004.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Björn Bjarnason.

LÖG

um breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðsins „bolfiski“ í a-lið 2. tölul. 1. mgr. 9. gr. laganna kemur: botnfiski.

2. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Bátar sem leyfi hafa til handfæraveiða með dagatakörkunum skv. 6. gr. laganna skulu stunda veiðar með krókaafلامarki skv. 6. gr. b frá upphafi fiskveiðiársins 2004/2005. Skal úthluta hverjum báti sem varanlegar sóknarheimildir eru bundnar við 10. maí 2004 krókaafلامlutdeild í upphafi fiskveiðiársins 2004/2005. Skal krókaafلامlutdeild hvers báts fundin með tilliti til aflareynslu bátsins á öðru hvoru fiskveiðiárinu 2001/2002 eða 2002/2003, að vali útgerðar, á eftirfarandi hátt:

1. Viðmiðunaraflareynsla í þorski er fundin sem hlutdeild af meðalafla sóknardagabáta fiskveiðiárin 2000/2001, 2001/2002 og 2002/2003, miðað við óslægðan fisk. Hlutdeild bátsins í þorski reiknast sem afli bátsins annað hvort fiskveiðiárið 2001/2002 eða 2002/2003 sem hlutfall af heildaraflamagni allra sóknardagabátanna þannig fengið. Viðmiðunaraflareynsla í öðrum tegundum í krókaafلامarki er fundin sem afli bátsins annað hvort fiskveiðiárið 2001/2002 eða 2002/2003. Í engri tegund í krókaafلامarki skal viðmiðunaraflareynsla þó vera lægri en 100 kg miðað við óslægðan fisk.
2. Reiknigrunnur hvers báts til krókaafلامlutdeildar skal byggjast á viðmiðunaraflareynslu í þorski og ufsa þannig að til reiknigrunnisins teljast 91% af upp að 42,5 lesta viðmiðunaraflareynslu, miðað við óslægðan fisk, og 45% af því sem umfram er. Reiknigrunnurinn í þorski skal þó aldrei vera lægri en 15 lestir, miðað við óslægðan fisk. Fyrir aðrar tegundir í krókaafلامarki skal reiknigrunnurinn vera jafn aflareynslu. Taka skal tillit til áætlaðrar aflaukningar, allt að 20 lestum í þorski á hvern bát, miðað við óslægðan fisk, vegna aukningar afkastagetu sóknardagabáta vegna endurnýjunar þeirra á fiskveiðiárinu 2002/2003 eða á fiskveiðiárinu 2003/2004 fram til 28. maí 2004, enda hafi sóknargetan ekki nýst til myndunar aflareynslu samkvæmt nánari reglum er ráðherra setur.